

Jahve, Jesús og kvígurnar í Jórsölum. Er frelsun mannkyns handan við hornið?

Fimmtánda september 2022 var merkisdagur í sögu kristni og Gyðingdóms á flugvellinum, kenndum við Ben Gurion, í Ísrael. Þá lentu heilu og höldnu rauðar kvígur fimm. Þær voru ræktaðar af kristnum bónda í Texas og grandskoðaðar samkvæmt kröfum Gyðingsdóms; rauðar skulu þær vera og lýtalausar. Ei heldur skal þeim hafa verið íþyngt með aktygjum. Þetta er í samræmi við reglur um fórnir í fornri menningu fyrir botni Miðjarðarhafs, þ.e. fórnarlömb skulu vera óspjölluð og ung. Börn eru þar meðtalin.

Það var haldin vegleg móttaka á vegum ísraelska ríkisins fyrir kusurnar. Um athöfnina sáu fimm Gyðingaprestar, jafnmargir kvígunum. Þær hlutu blessun Guðs, enda liggur mikið við; sjálf fórnin. Að henni lokinni mun Frelsarinn (Messías) brenna hræin til ösku, svo reisa megir í þriðja sinn musteri Salómons konungs á Musterishæðinni. Þar stendur nú moskan, Al-Asqa, sú þriðja heilagasta í Múhammedstrú. Kusunum skal gert að horfa í átt til moskunnar, meðan þær eru skornar.

Það er ofsatrúarhópurinn í kringum Gyðingaprestinn, Yitshak Mamo, í Jórsölum, sem hefur veg og vanda af vali og ferðalagi kvíganna, ásamt trúarsöfnuði, sem kallar sig „Hofstofnunina“ (Temple Institute). Hvor tveggja félagsskapurinn nýtur stuðnings stjórnvalda.

Enda þótt fordæming Jesúsar á okurlánastarfsemi og fórnnum (hinna) Gyðinganna, þ.e. Faríseanna, í seinna hofi Salómons, hafi verið eins konar trúarleg vegamót í sögu Gyðingdóms og kristinnar trúar, og sem leiddi til krossfestingar Jesúsar, hafa tekist sættir milli forna trúarfjenda.

Lagður var grundvöllur að þessum trúarlegu sættum um það leyti, sem Síonismi (Zionism) tók á sig mynd í Bretlandi á ofanverðri nítjándu öldinni, og fór eins og eldur í sinu um gervöll Bandaríkin, einkum fyrir tilstilli guðsmanna, sem studdust í trúboði sínu við Scofield-Bíbluna svokölluðu. Moldríkir Ashkenazi Gyðingar, með augastað á Palestínu, stóðu að útgáfu hennar (Rothschild).

Rætur þessarar túlkunar má rekja að minnsta kosti aftur til sextánda aldar. Spænski Jesúitinn, Fransisco Ribera (1537-1591), taldi, að teikn um „ragnarök“ (end times) yrðu fyrst greinileg, þegar Gyðingar hefðu snúið heim.

Vangaveltur Fransisco eru felldar undir kenningar um „Aðdraganda úthlutunar Þúsundarákonungsríkisins (Pre-Mellennila Dispensationalism),“ kristinna manna þ.e.a.s.

Prestar Gyðinga og Kristmanna í Bandaríkjunum hafa spunnið trúartúlkanir svo saman, að Guð hafi boðið landtöku Gyðinga í Palestínu og stofnun Ísraelsríkis. Annar þráður spunans lýtur að frelsun mannkyns frá syndum sínum. Þannig verður bygging þriðja hofsins eða musterisins, í kjölfar tortímingar mannkyns, forsenda frelsunar kristinna manna og Gyðinga.

Þessi framvinda gæti nú verið innan seilingar einmitt fyrir tilstilli þessara öfgatrúarmanna úr herbúðum beggja. Því er ekki seinna vænna að fórna kusunum. Nú skal heldur betur „byggja betur“ og „endurræsa“ eins og Alheimsefnahagsráðið og aðrir stjórnvitringar Vesturlanda segja. Guðleysingjarnir í Auðvaldsúrvalinu hafa Kristmenn og Gyðinga að leiksoppi einu sinni enn. Nú er þeim ekki att gegn hver öðrum heldur sameiginlega gegn Múhammedstrúarmönnum og Rússum.

Draumurinn um Þúsund ára ríkið (millennium) er að sönnu fagur. Kristur mun síga af himni niður í allri sinni dýrð, safna saman hinum réttlátu, eyða fjandsamlegum öflum, og stofna dýrðlegt ríki hér á jörð. Fólk mun njóta velgjörða í andlegum og efnalegum skilningi. Sjálfur mun hann ríkja sem konungur með þátttöku hinna réttlátu, þar með taldir dýrðingarnir, endurheimtir í tölu lifenda.

Að lyktum þessa konungsríkis mun Kristur ásamt dýrðingunum stíga upp til himna, meðan hinir illu, sem einnig gengu í endurlífgun lífdaganna, munu fordæmast til eilífðar nóns.

En á meðan kusurnar jótra í Jórsölum, takast hinir lærðu á um, hvað sé Gyðingdómur og hvað sé Ísrael og hvað megi segja um ríki hinnar guðs útvöldu þjóðar og hverjir hati hvern. Barnamorðingjanum, Brjálaða-Bensa, og sálufélögum hans, er í nöp við gagnrýni á hugmyndafræði þeirra og stefnu. Það kalla þeir ýmist andsemítaviðhorf eða Gyðingahatur, sem lærðustu prestar Gyðinga hafa fundið út, að sé í raun það sama.

Það rak m.a. hin snjalla Candice Owen sig á. Hún komst af þeim sökum í hann krappan. Hún hefur stjórnað þjóðmálapætti innan vébanda fjölmiðlafyrirtækis í eigu gyðinglegra ofsatrúarmanna, Daily Wire. Þegar henni varð á að gagnrýna Gyðingaprestinn, Boteach Schmueley (Jacob Smuel Boatech), sem skín eins og hver önnur Davíðsstjarna í Bandaríkjunum, fauk í hennar skjól. Hún var rekin.

Boateach þessi hefur m.a. látið út úr sér: „Nú er sá tími runninn upp, að Gyðinga ætti að óttast en ekki elska. Einungis með því móti mun sljákka í Semítahöturum (antisemites).“ (Flestar fornþjóðir í Miðausturlöndum voru reyndar Semítar.)

Nýja bókin hans, er „Stríðsmaður Ísraels“ (The Israel Warrior). Hún kom út „á hárréttum tíma,“ segir hann, „svo kenna meg og þjálfar ykkur í baráttu fyrir hinu dýrðlega og stórbrotna Gyðingaríki, Ísrael.“

Það snuggaði í Candice Owens: „Presturinn, Shmuley, er ófreskja, sem efnt hefur til grimmilegrar sóknar gegn blakkskinnum (black) og jarpskinnum (brown) í því skyni að stjórna umræðunni og skemma tengsl þeirra.“ ...

„Djúprætt hatur Shmuley prests í garð svartra, Múslíma og kristinna, er engum vafa undirorpið, sbr. opinbera orðræðu hans.“

Candice er hvergi smeyk við Gyðingapresta af þessari tegund. Annar úr því sauðahúsi er Michael Barclay.

Candice segir: „Glæpur minn er sá, að ég tek afstöðu gegn því, að bandarískum skattgreiðendum sé gert að greiða fyrir stríðsrekstur Ísraels eða fyrir stríð annars staðar. Sú afstaða mun ekki breytast. Og nú er spurningin; hvað verður næst gert á minn hlut.“

Það fylgir sögunni, að gagnrýnendur hennar hafi komist í sérstakt uppnám, þegar hún minnti á Matthíasarguðspjallið, þar sem segir, að friðarsinnar muni sælir verða.

Fleiri fremja svipaðan glæp eins og kvikmyndagerðarmaðurinn og Gyðingurinn, Jonathn Glazer og leikritahöfundurinn, Tony Kushner. Hann sagði um ræðu Jonathan við afhendingu Óskarsverðlauna í vitundarsmiðjunni, Hollývúdd, nýlega:

„Hann [Jonathan] sagði einfaldlega, að Gyðingdómur, gyðinglegur sjálfsskilningur, saga Gyðinga, Helfarar og þjáninga Gyðinga, geti ekki þjónað sem afsökun fyrir áætlun um að skrímsla aðrar þjóðir og slátra þeim.“

En Benjamín lætur sér fátt um finnast og ályktanir Sameinuðu þjóðanna um vopnahlé hripa af honum eins og vatn af gæs. Enda eru mikil auðævi undir og viðskiptahagsmunir. Nýlega benti t.d. tengdasonur Donald Trump á, að strandlengja Gaza gæti verið verðmæt. Það er allavega olían í landhelgi Gaza.

Svo gæti farið, að á strandlengjunni risu spilavítin, sem gætu orðið bjargráð Gaza-búa.

<https://www.commondreams.org/news/kushner-ethnic-cleansing-gaza>

<https://www.youtube.com/watch?v=In5I9KasnyM>

<https://informationclearinghouse.blog/2024/03/25/deterrence-by-savagery/14/>

<https://informationclearinghouse.blog/2024/03/25/death-culture-when-1000-in-hollywood-proclaim-support-for-gaza-slaughter/15/>

https://chrishedges.substack.com/p/professor-norman-finkelstein-and?utm_source=post-email-title&publication_id=778851&post_id=142957135&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

<https://expose-news.com/2024/03/24/candace-owens-declares-she-refuses-to-be-silenced-by-the-powerful-group-that-people-are-not-allowed-to-talk-about/>

<https://www.sportskeeda.com/pop-culture/who-rabbi-shmuley-candace-owens-feud-explained-author-urges-ben-shapiro-fire-podcaster>

<https://www.sportskeeda.com/pop-culture/who-rabbi-shmuley-candace-owens-feud-explained-author-urges-ben-shapiro-fire-podcaster>

<https://www.youtube.com/watch?v=GJ9GQ-gexhQ>

<https://web.archive.org/web/20101209094535/http://bibleprophecy.org/jesuitapture.htm>

<https://www.youtube.com/watch?v=9i-XC3tf43A>

<https://www.bitchute.com/video/3PTlpm1S5hZ3/>

<https://www.youtube.com/watch?v=s1qRX7tkkeA>

<https://www.middleeastmonitor.com/20230816-israels-red-cow-will-blow-up-the-region/>

[++](https://www.prophecynewswatch.com/article.cfm?recent_news_id=6772)

<https://allisrael.com/does-the-arrival-of-five-red-heifers-in-israel-signal-third-temple-end-times>

<https://theins.ru/en/society/269112>